

Reykjavík, 30. september
2014
RMF14090006
0.3

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Auður Halldórsdóttir

Umsögn um stefnumótun ungs fólks – 16 ára og eldri

Eftirfarandi umsögn er veitt að beiðni borgarráðs skv. erindi dags. 15. september 2014. Málafni ungs fólks innan borgarinnar tengjast helst Menningar- og ferðamálasviði í gegnum þá þjónustu sem stofnanir hennar veita einkum í gegnum fræðslu, sýningar og viðburði. Um er að ræða Borgarbókasafn Reykjavíkur, Borgarsögusafn Reykjavíkur, Gerðuberg, Listasafn Reykjavíkur og Höfuðborgarstofu.


Umrædd skýrsla starfshópsins var því send forstöðumönnum þessara stofnana til skoðunar.

Þær athugasemdir sem fram komu voru þessar:

Virkja má ungmenni til þátttöku með því að búa til verkefni þar sem menning og velferð tengist saman á skapandi hátt:

- Hægt væri að tengja ungmenni inn í menningartengd verkefni sem ætlað er að efla hverfamenningu, bæta ímynd og auka virkni íbúa. Gott dæmi um slíkt er vegglista-verkefnið í Breiðholti.
- Hugsa mætti sér að ungmennahús í hverfum borgarinnar störfuðu þvert á svið hennar með góðri tengingu t.d. við framhaldsskólana, Hitt húsið, Rauða krossinn, Fab Lab og lykilaðila í hverju hverfi.
- Á Borgarbókasafni er verið að víkka út verkefnið Heilahristing og bjóða upp á heimanámsaðstoð fyrir framhaldsskólanema.
- Hægt væri að koma á fót sérstökum fjölmennigartengdum verkefnum fyrir þennan aldurshóp, t.d. í samstarfi við framhaldsskólana og jafnvel Móðurmál og Samtök kvenna af erlendum uppruna.
- Hægt væri að virkja ungmenni betur í tengslum hátíða borgarinnar, en helst eru þar að finna tækifæri innan Vetrarhátíðar í Reykjavík. Er þá litið til Safnanætur og Sundlauganætur og

samstarfs milli Höfuðborgarstofu, sundlauga og safna við að sníða hluta af dagskrá hvers safns/sundlaugar sérstaklega að þessum aldurshópi.

Handwritten signature in cursive script, appearing to read "Auður Halldórsdóttir".

Auður Halldórsdóttir
Verkefnastjór
Skrifstofa Menningar- og ferðamálasviðs